

Samstarfsverkefni um vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum

1. gr.

Innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti gera með sér eftirfarandi samkomulag til þriggja ára um samstarfsverkefni sem er áttak til vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.

Aðkoma innanríkisráðuneytisins að samkomulaginu snýr að réttindum barna samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989. Aðkoma mennta- og menningarmálaráðuneytisins snýr að menntun og líðan barna í grunnskólum og samskiptum foreldra og skóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Aðkoma velferðarráðuneytisins lýtur að uppeldisaðstæðum barna samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

2. gr.

Vitundarvakningin

Átakið nefnist *Vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum*. Átakið nær yfir þrjú ár: 2012, 2013 og 2014.

Vitundarvakningin er liður í aðgerðum stjórnvalda vegna fullgildingar sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu gegn börnum sem var samþykktur í Lanzarote í október 2007. Ísland hefur verið aðili að sáttmálanum frá því í febrúar 2008.

3. gr.

Markmið

Meginmarkmið samstarfsverkefnisins næstu þrjú árin er að:

- efla samstarf aðila um aðgerðir til að sporna við kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu gagnvart börnum og
- ráðast í vitundarvakningu með því að:
 - beina fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum að þeim sjálfum
 - beina fræðslu að fólki sem á samskipti við börn í starfi sínu.

4. gr.

Fjárframlög

Í samræmi við minnisblað innanríkisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og velferðarráðherra til ríkisstjórnarinnar, dags. 15. nóvember 2011, og fjárlög ársins 2012 er ráðgert að verja til vitundarvakningarinnar 25 milljónum króna árið 2012. Ráðgert er einnig að innanríkisráðherra leggi til við undirbúning fjárlaga að veitt verði 16 milljónum króna til verkefnisins á árinu 2013 og 16 milljónum króna árið 2014, með fyrirvara um samþykki Alþingis. Fjárveiting ársins 2012 verður til ráðstöfunar hjá innanríkisráðuneyti.

Á árinu 2012 verður 20 milljónum króna ráðstafað til fræðsluátaks í grunnskólum og fimm milljónum króna til þýðinga og fræðslu fyrir dómara, lögreglu og ákærvald um sáttmála Evrópuráðsins og reglur um barnvinsamlegt umhverfi. Á árunum 2013 og 2014 verður fræðslu einkum beint að nemendum í grunnskólum landsins og er gert ráð fyrir að verja til þess 16 milljónum króna hvort ár um sig. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til sammingsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu.

5. gr.

Verkefnisstjórn

Ráðuneytin þrjú skipa hvert sinn fulltrúa í verkefnisstjórn um vitundarvakningu. Einn er skipaður af innanríkisráðherra, formaður, einn af mennta- og menningarmálaráðherra og einn af velferðarráðherra.

Mennta- og menningarmálaráðherra leggur verkefnisstjórninni til starfsmann. Verkefnisstjórnin vinnur að því að framfylgja markmiðum verkefnisins. Verkefnisstjórn leitar sér ráðgjafar hjá sérfróðum aðilum um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum, svo sem hjá Barnahúsi, Barnaverndarstofu, samtökunum Barnaheill, Embætti landlæknis, Stígamótum, samtökunum Blátt áfram, SAFT, UNICEF og fleiri aðilum eftir atvikum. Verkefnið skal unnið í samstarfi við fagaðila, jafnt opinbera aðila sem og félagasamtök sem koma að vörnum gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum. Verkefnisstjórnin gerir, f.h. viðkomandi ráðherra, samninga við þá aðila sem hún felur hluta verkefnisins gegn greiðslu og fær starfsmaður verkefnisstjórnar afrit af þeim samningum.

6. gr.

Greiðslur

Innanríkisráðuneytið sér um greiðslur samkvæmt samningi þessum, sér um bókhald og upplýsir verkefnisstjórn reglulega um stöðuna. Reikningar skulu berast til innanríkisráðuneytis sem fyrir greiðslu fær áritun hjá starfsmanni verkefnisstjórnar til staðfestingar á því að verkið hafi verið unnið, enda hafi starfsmaðurinn verið upplýstur um verkið fyrirfram af verkefnisstjórn.

7. gr.

Annað

Verkefninu lýkur í desember 2014 og skilar verkefnisstjórn þá greinargerð um framgang og niðurstöður verkefnisins. Að því búnu verður verkefnið endurmetið og ákvarðanir teknar um framhald þess.

8. gr.

Gildistími

Samkomulagið gildir frá undirritun þess til 31. desember 2014. Unnið hefur verið eftir samkomulaginu frá 1. janúar 2012.

Reykjavík, 27. apríl 2012

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og
menningarmálaráðherra

Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra